

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2015****2016/EES/42/35****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/10 frá 6. janúar 2015 um viðmiðanir fyrir umsækjendur um aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 870/2014 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37aa (fallinn brott) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„37aaa. **32015 R 0010**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/10 frá 6. janúar 2015 um viðmiðanir fyrir umsækjendur um aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 870/2014 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/10, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/34/ESB ⁽²⁾ inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 34.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 32.